

## **Reglur um heimgreiðslur til foreldra í Sveitarfélaginu Árborg**

### **1. gr. Markmið**

Sveitarfélagið Árborg veitir foreldrum/forsjáraðilum barna á aldrinum 12 - 30 mánaða heimgreiðslur í allt að 11 mánuði á ári, ágúst - júní ár hvert, vegna barna sem hvorki eru í leikskóla né hjá dagforeldri með starfsleyfi.

Markmið heimgreiðslna er að brúa bilið frá fæðingarorlofi þar til barn hefur leikskólagöngu.

Í undantekningartilvikum er veittur styrkur til að koma til móts við foreldra/forsjáraðila barna eldri en 30 mánaða sem eru að bíða eftir leikskólaplássi í Sveitarfélaginu Árborg, vegna flutninga í sveitarfélagið.

### **2. gr. Skilyrði**

Skilyrði fyrir greiðslum eru eftirfarandi:

- a) Að foreldri/forsjáraðili og barn sé með sama lögheimili (skv. þjóðskrá) og fasta búsetu í Sveitarfélaginu Árborg.
- b) Barn sé orðið eða verði 12 mánaða í þeim mánuði sem sótt er um og sé ekki eldra en 30 mánaða.
- c) Barn eigi umsókn um leikskólapláss í sveitarfélaginu Árborg.
- d) Að sveitarfélagið greiði ekki niðurgreiðslu vegna vistunar viðkomandi barns til annars aðila, t.d. dagforeldris í Árborg eða öðru sveitarfélagi, leikskóla sveitarfélagsins eða leikskóla í öðru sveitarfélagi.

Í undantekningartilvikum er heimilt að óska eftir heimgreiðslu vegna barna eldri en 30 mánaða á meðan beðið er eftir leikskólaplássi í Árborg, vegna flutninga í sveitarfélagið. Skilyrði fyrir styrkveitingu er að Árborg sé ekki að greiða með plássi fyrir barnið í öðru sveitarfélagi og að barnið eigi umsókn um leikskólapláss í Árborg.

Heimilt er að hafna umsókn um heimgreiðslur ef foreldrar/forsjáraðilar eru í vanskilum við Sveitarfélagið Árborg vegna leikskólagjalda.

### 3. gr. Umsókn og afgreiðsla

Umsókn um heimgreiðslu er að finna á heimasíðu sveitarfélagsins og skal foreldri/forsjáraðili senda umsóknina inn með stafrænum hætti.

Aðeins skal eitt foreldra/forsjáraðila sækja um heimgreiðslur vegna viðkomandi barns.

Umsókn um heimgreiðslu skal berast í síðasta lagi 20. dag mánaðarins áður en foreldrar öðlast rétt til heimgreiðslu, heimgreiðslan greiðist þá mánuðinn á eftir.

Ef umsókn berst eftir 20. dag mánaðar taka greiðslur gildi mánuði seinna.

Endurnýja þarf umsóknir í síðasta lagi 20. ágúst ár hvert og gilda umsóknir til 30. júní svo fremi sem barn á rétt á heimgreiðslu samkvæmt ofangreindum skilyrðum.

Heimgreiðslur eru ekki afturvirkar.

Foreldrar/forsjáraðilar bera ábyrgð á að segja upp heimgreiðslum þegar barn byrjar í leikskóla.

Foreldrum/forsjáraðilum ber að upplýsa ef lögheimili barns og/eða foreldra/forsjáraðila færast úr Sveitarfélaginu Árborg.

Heimgreiðslur falla niður frá og með þeim tíma sem eitt af eftirfarandi hefur átt sér stað:

- a) Frá þeim mánuði sem barnið fær pláss hjá dagforeldri eða hefur aðlögun í leikskóla.
- b) Við flutning lögheimilis barns og/eða foreldra/forsjáraðila úr sveitarfélaginu Árborg frá og með degi flutninga.
- c) Sé leikskólaplássi hafnað frá þeim mánuði sem aðlögun hefði hafist.

### 4. Upphæð/Greiðslur

Mánaðarleg upphæð heimgreiðslna er tilgreind í gjaldskrá og birt á vef Sveitarfélagsins Árborgar.

Heimgreiðslur fást að hámarki greiddar í 11 mánuði á ári.

Ekki er greitt fyrir júlímánuð.

Greiðslur eru inntar af hendi eftirá og eru greiddar út í fyrstu viku næsta mánaðar. Heimgreiðslur frá Sveitarfélaginu Árborg eru greiddar sem styrkur og eru ekki skattskyldar.<sup>1</sup>

### 5. gr. Leiðréttingar

Verði um ofgreiðslur á heimgreiðslum að ræða áskilur Sveitarfélagið Árborg sér rétt til að krefjast endurgreiðslu m.a. í tilvikum þar sem ofgreiðsla kann að vera á grundvelli þess að umsækjandi hafi

---

<sup>1</sup> <https://www.skatturinn.is/einstaklingar/tekjur-og-fradraettir/skattfrjalsar-tekjur/>

gefið upp rangar upplýsingar eða ekki tilkynnt um breytingar á högum sínum sem hafa áhrif á rétt til greiðslu.

Reglur þessar taka gildi 1. apríl 2026

Reglur þessar voru samþykktar í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar xx. mars 2026